



29. maí. 2017

## Umsögn Félags einstæðra foreldra við frumvarp til laga um breytingu á barnaverndarlögum, 426. mál.

Félag einstæðra foreldra (FEF) var stofnað árið 1969 og verður því hálfrar aldar gamalt eftir tvö ár. Hlutverk og verkefni félagsins hafa þróast og breyst frá stofnun þess í takt við samfélagsstöðu einstæðra foreldra en rauði þráðurinn hefur þó alltaf verið þjónusta og stuðningur við félagsmenn. FEF er elsti málsvari einstæðra foreldra á Íslandi og býr yfir langri sögu og mikilli reynslu og þekkingu er varðar málefni hagsmunahóps síns.

Félag einstæðra foreldra fagnar allri umræðu sem tengist einstæðum foreldrum og börnum þeirra. Mikilvægt er að standa vörð um að réttindi barna séu virt í hvívetna, hvort sem það eru börn einstæðra foreldra eða annarra.

Frumvarpi þessu (mál 426) er ætlað að mæta vanda sem nokkur hópur einstæðra foreldra og börn þeirra lendir í þ.e. þegar annað foreldri kemur í veg fyrir umgengni hins foreldris. Vissulega hafa starfsmenn FEF komið að slíkum málum en það er samdóma álit þeirra og stjórnar FEF að lausnin sé ekki líkt og kveðið er á um í frumvarpi að setja foreldri sem tálmar umgengni í fangelsi.

Í þeim málum sem komið hafa inná borð FEF og gætu mögulega flokkast undir mál líkt og rætt er um í frumvarpinu er einkennandi að foreldrum skortir mjög betri þjónustu, stuðning og aðstoð. Þið eftir slíku hjá Sýslumanni og barnavernd er allt of löng og óaðgengileg og úrræði eru hvorki nægileg né að virka sem skyldi.

Þá er skilgreiningum ábótavant í frumvarpinu þ.e. hvað átt sé við með tálmun og hverskonar aðdragandi þarf að hafa átt sér stað svo lögin eigi við.

Telur FEF að frumvarpið taki aðeins á afmörkuðum vanda sem er mun breiðari og getur birst í allskyns myndum og orsakast af mismunandi ástæðum. Sem dæmi má nefna að ekki er tekið fram í frumvarpi hvað gera eigi ef foreldri tálmar umgengni í málum þar sem mögulegt ofbeldi kemur til sögu gagnvart barni eða barnsforeldri.

Að lokum telur FEF nauðsynlegt að skoða barnaverndarlögin í mun breiðara samhengi með til dæmis tilliti til foreldra sem velja að umgangast ekki börnin sín og taka ábyrgð á því sem börnin þeirra eiga rétt á að þau annist. Eins telur Félagið tilefni til frekari rannsókna á þessu sviði áður en frumvarp af þessum toga er samþykkt og að faglegar forsendur séu ekki nægilegar til þess að frumvarpið geti gengt þeim tilgangi sem því er ætlað.

Sem sagt; Félag einstæðra foreldra fagnar umræðunni en a. telur það skorta nánari skilgreiningar á hugtökum b. ekki taka á þeim vanda sem því er ætlað og c. ekki byggt á nægilega faglegum grunni.

